

Steinunn Kristjánsdóttir

Skriðuklaustur – híbýli helgra manna

Áfangaskýrsla fornleifarannsókna

2003



© Steinunn Kristjánsdóttir 2004.
Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2003.
Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna IV.
Útgefandi: Skriðuklaustursrannsóknir og Minjasafn Austurlands.
Útgáfustaður: Reykjavík.
ISBN 9979-9576-4-6

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Skipulag og framkvæmd	4
2.1 Starfsmenn	5
2.2 Styrktar- og rekstraraðilar	6
2.3 Stjórn Skriðuklaustursrannsókna (SKR).....	6
3. Uppgröftur 2003.....	7
3.1 Lýsing rannsóknarsvæðisins	7
3.2 Rústir klaustursins.....	9
3.3 Kirkjurúst og kirkjugarður	10
3.4 Rúst kapella.....	11
4. Úrvinnsla gagna	12
4.1 Gripir.....	13
5. Brot úr sögu Skriðuklausturs	17
5.1 Stofnun og hlutverk.....	17
5.2 Byggingar klaustursins, kirkja og kirkjugarður	19
5.3 Kapella	21
6. Samantekt niðurstaðna 2002 og 2003	23
7. Fylgiskjöl	25
7.1 Teikningar	25
7.2 Fundaskrá.....	30
7.3 Jarðlagaskrá.....	136
8. Heimildaskrá	138

1. Inngangur

Árið 2003 var annað ár fornleifarannsóknna á Skriðuklaustri og hefur árangur frá upphafi verið góður. Um 1000 gripir hafa fundist og byggingar klaustursins eru byrjaðar að fá á sig mynd. Reiknað er með að rannsóknin á Skriðuklaustri muni standa til loka ársins 2006 en hún einskorðast við uppgröft á rústum klaustursins sem stofnað var á Skriðu árið 1493 og starfrækt til siðaskipta. Meginmarkmið hennar er að kanna til hlítar byggingar klaustursins, minjar klausturlífs þar, búsetu og skólahalds.

Klaustrið á Skriðu var byggt á bæjarstæði sem að líkindum var farið í eyði á 12. öld. Rústir bæjarstæðisins liggja því undir byggingum klaustursins en reynt verður að komast hjá því að raska þeim á meðan á uppgræftri á rústum klaustursins stendur. Engu að síður eru rústir bæjarstæðisins verðugt rannsóknarefni sem taka má fyrir síðar, því ef marka má niðurstöður forkönnunar sem gerð var á staðnum sumarið 2000 eru tiltölulega þær vel varðveittar eins og reyndar aðrar rústir á svæðinu.

Sumarið 2003 var unnið við uppgröftinn á Skriðuklaustri í tvo mánuði samfleytt eftir vetrarlangt hlé en vetrarmánuðirnir voru sem fyrr nýttir til úrvinnslu og frágangs gagna sem grafin voru upp árið á undan. Í þessari skýrslu er skýrt frá framkvæmd, framgangi og helstu niðurstöðum uppgraftrarins á Skriðuklaustri árið 2003 og þær jafnframt tengdar við sögu klaustursins.

2. Skipulag og framkvæmd

Félagið Skriðuklaustursrannsóknir (SKR) var stofnað í september 2001 en hlutverk þess er að stýra fornleifarannsókninni, annast framkvæmd hennar og kynna almenningi. Hlutverk félagsins er ennfremur að fylgja eftir útgáfu á niðurstöðum rannsóknarinnar og sjá um frágang á svæðinu, eins og segir í lögum þess. Framkvæmdastjóri sér síðan um daglegan rekstur félagsins svo og framkvæmdir á vegum þess. Hér á eftir verður skýrt frá ráðningu starfsmanna, fjáröflun fyrir félagið og öðrum þáttum er varða skipulag og framkvæmd fornleifarannsóknarinnar á Skriðuklaustri.

2.1 Starfsmenn

Sumarstarfsmenn Skriðuklaustursrannsókna voru heldur fleiri árið 2003 en árið áður. Tólf manns voru ráðnir til uppgraftrarins að þessu sinni, enda afrakstur í samræmi við það. Níu þeirra unnu við uppgröftinn nærri allt tímabilið, aðrir í skemmri tíma.

Starfsmennirnir voru eftirtaldir, auk höfundar sem stýrði uppgreftri: Jón Ingi Sigurbjörnsson félags- og sagnfræðingur og nemi í fornleifafræði við HÍ, Sófus Jóhannsson sagnfræðingur og grunnskólakennari á Seyðisfirði, Stefano Paci fornvistfræðingur, Giuseppe Venturini forvörður, Albína Hulda Pálsdóttir fornleifafræðinemi við HÍ, Ragnheiður Gló Gylfadóttir mannfræðingur, Hillary Sanders og Robin Webb fornleifafræðinemar frá Háskólanum í Sheffield, Karin Rogers fornleifafræðinemi frá Queen's University í Belfast og Clarissa Cognato fornleifafræðinemi frá Háskólanum í Leicester. Sigurður Ingólfsson bókmenntafræðingur vann sem leiðsögumaður við uppgröftinn og loks eiginkona Stefanos, Cristina Bastiani, sem starfaði við uppgröftinn í sjálfboðavinnu um mánaðartíma (mynd 1).



Mynd 1. Starfsmenn uppgraftrarins á Skriðuklaustri sumarið 2003. Aftari röð talið frá vinstri: Sigurður, Robin, Sófus, Hilary, Ragnheiður og Stefano. Fremri röð talið frá vinstri: Clarissa, Karin, Albína, Steinunn og Cristina. Krjúpandi fremst: Jón Ingi og Giuseppe.

Yfirumsjón með forvörslu höfðu Halldóra Ásgeirsdóttir og Helgi Örn Pétursson, forverðir á Þjóðminjasafni Íslands en Giuseppe Venturini forvörður frá Soprintendenza ai Beni Archeologici per la Toscana, sem er forvörsluverkstæði minjavörslunnar í Toscana héraði á Ítalíu, sá um að meta hvað þurfti að forverja. Giuseppe forvarði einnig þá gripir sem hægt var að forverja á rannsóknarstað. Allir þeir gripir sem grafnir voru upp sumarið 2003 eru nú varðveittir á Þjóðminjasafni Íslands.

Aðstoð við gröfuvinnu, flutning á jarðvegi og grjóti veitti Hallgrímur bóndi á Brekku í Fljótsdal. Rannveig Þórhallsdóttir, stjórnarmaður í SKR og nemi í fornleifafræði við HÍ, og svo tvær stúlkur af vestur-íslenskum ættum, Erin Johnson og Dawn Dowhayko, sem unnu við uppgröftinn sem sjálfboðaliðar nokkra daga sumarsins og eru þeim, sem og öllum sem tóku þátt, hér með færðar bestu þakkir fyrir.

2.2 Styrktar- og rekstraraðilar

Uppgröfturinn á Skriðuklaustri var sem fyrir rekinn fyrir fjárframlag úr Kristnihátíðarsjóði. Auk þess hlutu Skriðuklaustursrannsóknir styrk úr Leonardo áætlun Evrópusambandsins fyrir verkefnið Excavation Centered Training in European Archaeology (ECTEA) sem sótt hafði verið um í samvinnu við breska fyrirtækið Grampus Heritage and Training Ltd. ECTEA-verkefnið miðar að þjálfun breskra nema í verklegri fornleifafræði. Með styrknum var greidd þátttaka fjögurra fornleifafræðinema úr breskum háskólum. Menningarborgarsjóður veitti verkefninu einnig 400 þúsund króna styrk til þess að ráða leiðsögumann á uppgraftrastað.

Jafnframt var endurnýjaður samstarfssamningur við ítölsku viðargreiningarstofuna Istituto per la Ricerca sul Legno í Flórens og samstarf hafið við fornleifarannsóknina á Kirkjubæjarklaustri. Aðrir styrktar- og samstarfsaðilar voru Gunnarsstofnun, Minjasafn Austurlands, Héraðsskógar á Egilsstöðum, Fuji-umboðið á Íslandi, Hönnun og ráðgjöf ehf á Egilsstöðum, Húsasmiðjan, Klausturkaffi á Skriðuklaustri og Landsvirkjun.

2.3 Stjórn Skriðuklaustursrannsókna (SKR)

Stjórn Skriðuklaustursrannsókna fer með yfirumsjón fornleifarannsóknarinnar á Skriðuklaustri. Í stjórninni sitja Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri, en hann er jafnframt formaður stjórnar, Rannveig Þórhallsdóttir safnstjóri Minjasafns Austurlands á Egilsstöðum, Hrefna Róbertsdóttir sviðsstjóri á


Þjóðminjasafni Íslands, Sr. Sigfús J. Árnason prófastur á Hofi í Vopnafirði og Erna Indriðadóttir fréttamaður á RÚV-sjónvarp. Framkvæmdastjóri Skriðuklaustursrannsókna er Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur.

3. Uppgröftur 2003

Uppgröftur sumarið 2003 hófst mánudaginn 23. júní og stóð hann til föstudagsins 22. ágúst. Unnið var við uppgröft alla virka daga. Þegar illa viðraði til útivinnu unnu starfsmenn uppgraftrarins við þökkun og frágang á gripum. Hér verður rannsóknarsvæðinu lýst og skýrt frá framgangi uppgraftrarins.

3.1 Lýsing rannsóknarsvæðisins


Rannsóknarsvæðið á Skriðuklaustri einskorðast sem fyrr segir við svokallað Kirkjutún.



Mynd 2. Rannsóknarsvæðið á Skriðuklaustri 2003.

Kirkjutún liggur um 150 metra í austurátt frá gamla bæjarstæðinu á Skriðu þar sem hús Gunnars Gunnarssonar stendur nú. Heildarstærð rannsóknarsvæðisins er tæpir 1200

fermetrar, sé tekið mið af niðurstöðum forkönnunarinnar sem gerð var á staðnum sumarið 2000¹ (mynd 2).



Mynd 3. Svæði A- H. Sumarið 2002 var lokið við uppgröft á svæði A. Lokið var við uppgröft á svæðum B, C, D og E sumarið 2003 en haldið verður áfram við uppgröft á svæðum F, G og H sumarið 2004. Bent skal á að þau heiti sem tilgreind eru á myndinni eru aðeins vinnuheiti og endurspeglar ekki endilega notkun þeirra.

Opnaðir voru fjórir 35 fermetra stórir nýir reitir (E, F, G og H) á rannsóknarsvæðinu sumarið 2003, til viðbótar þeim fjórum (A, B, C og D) sem opnaðir voru sumarið 2002. Stærð svæðisins er því nú orðið 280 fermetrar alls. Innan þess má greina nyrðri jaðar klausturhúsanna sem ekki voru greinanleg áður á yfirborði túnsins. Rannsóknarsvæðið liggur síðan til suðurs í gegnum kirkjugarðsvegginn, yfir kirkjugarðinn og nær langleiðina að meintri rúst klausturkirkjunnar.

¹ Steinunn Kristjánsdóttir. 2000. Bls. 130 o. áfr.

Lokið var við uppgröft á fimm þeirra átta reita (A, B, C, D og E) sem opnir eru en haldið verður áfram við uppgröft á öðrum opnum svæðum næsta sumar. Uppgröftur er þó langt kominn á svæðum F og G, svo reiknað er með að þrjú ný svæði verði opnuð þá.

3.2 Rústir klaustursins

Greina má vel varðveittar rústir klaustursins á öllu því svæði sem hefur verið opnað til þessa en stærð uppgraftrarsvæðisins er sem fyrr segir 280 fermetrar. Í ljós hafa komið þrjár afmarkaðar vistarverur, eða rými, og gangur sem tengir þær saman. Þær hafa hver fengið sitt vinnuheiti, þ.e. *skólastofa*, *viðbygging*, *gangur*, *scriptorium* og *kapella*, en síðar á eftir að koma í ljós hvort þær bera nafn sitt með rentu (mynd 3).



Mynd 4. Önnur af tveimur stoðarholum sem fundust á svæði B og F (Stefano Paci 2003).

Veggir þeirra vistarvera sem grafnar hafa verið upp eru allir sömu gerðar en einmitt það styður þá kenningu að rústirnar séu leifar bygginga sem allar voru byggðar á sama tíma. Veggirnir eru gerðir úr torfi og grjóti, eins og flestar aðrar íslenskar byggingar frá þessu tímaskeiði. Þykkt veggjanna í klausturhúsunum á Skriðu nemur allt að 2 metrum. Þeir eru yfirleitt gerðir úr samsíða grjóthleðslum með torffyllingu þeirra í milli, nema í einni vistarveru sem nær yfir svæði B og F og nefnd hefur verið skólastofa (mynd 3). Í tveimur hornum hennar fundust einnig tvær nokkuð stórar holur, önnur í syðra horni hennar en hin í því nyrðra, eftir stoðir sem borið hafa þakið en veggirnir virðast annars sjálfir hafa borið þakið í öðrum þeim byggingahlutum sem nú hafa verið grafnir fram (mynd 4).

Í annarri vel afmarkaðri vistarveru á svæði D, þ.e. þeirri sem ber vinnuheitið *scriptorium*, fannst ofn sem hefur verið byggður inn í útvegg byggingarinnar.² Nálægt ofninum fundust þrjár tröppur sem liggja undir ógrafið svæði en líta má á tröppurnar sem vísbendingu um að klaustrið hafi staðið á tveimur hæðum eða að það hafi verið kjallari undir því. Frekari uppgröftur verður þó að skera úr um það. Í þessari byggingu fundust nokkrir gripir sem benda til þess að þarna hafi verið unnið við skriftir en venja var að *scriptorium* klaustra væri niðurgrafið herbergi, gjarnan upphitað. Vel getur verið að þarna sé slíkt herbergi fundið í klaustrinu á Skriðu.

Við enda gangsins og inni í kapellunni (sjá kafla 3.4) á svæði C má skýrt sjá ummerki eftir afmarkaðan niðurgröft sem nær í gegnum rústirnar og niður á jökulleir. Nokkrar skemmdir hafa orðið á rústum klaustursins vegna hans. Af samsetningu jarðlaga að dæma hefur niðurgröftur þessi verið gerður á síðustu öld eða seint á þeirri 19., trúlega til þess að geyma þar hey eða mó, því tóttin líkist einna helst heytótt eða mógeymslu (sjá fylgiskjal 7.1.3, svæði C). Eins komu í ljós skemmdir í kór kapellunnar vegna þess að einhvern tíma á síðustu öld hefur hestur verið huslaður þar.

Vonandi eru þessar skemmdir þær einu sem orðið hafa rústunum í tímans rás en í raun má telja þær óverulegar því oft voru gamlar tóttir nýttar til endurbygginga, jafnvel oftar en einu sinni, en af því hlutust venjulega miklar skemmdir.

3.3 Kirkjurúst og kirkjugarður

Sumarið 2003 var ákveðið að ný svæði skyldu opnuð við kirkjurústina sem er vel greinanleg ein rústa ofan jarðar syðst á rannsóknarsvæðinu. Þegar uppgreftri var hætt var þegar farið að sjást í útvegg kirkjunnar á svæði G en líklegt er grunnflötur klausturkirkjunnar hafi verið talsvert stærri en rúst hennar gefur til kynna á yfirborðinu. Á svæði F mátti einnig greina hleðslu sem tengir klausturkirkjuna við klausturbygginguna sjálfa. Nokkuð ljóst er því að kirkjan, ef hin meinta rúst kirkjunnar er það sem hún er talin vera, hefur verið áföst öðrum vistarverum klaustursins en athyglisvert er að allir þeir rústahlutar sem nú hafa verið grafnir upp eru samtengdir á einn eða annan hátt (mynd 3).

Á báðum þessum svæðum, þ.e. F og G, var í lok sumars farið að sjást móta fyrir a.m.k. ellefu gröfum. Ein þessara grafa var opnuð í síðustu viku uppgraftrarins í því skyni að

² Steinunn Kristjánsdóttir. 2003a. Bls. 12.

kanna ástand beina. Í gröfnni fannst kista úr tré og í henni lágu líkamsleifar 12-13 ára gamals unglings (mynd 5). Hvort tveggja var mjög vel varðveitt. Engin merki um sjúkdóma, skort eða dánarorsök voru greinanleg á beinunum sem greind voru af Kristjáni Mímissyni þróunarmannfræðingi og fornleifafræðingi.³



Mynd 5. Ein gröf var opnuð í kirkjugarðinum á Skriðuklaustri sumarið 2003. (Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2003).

Stök mannabein fundust einnig á víð og dreif um það svæði kirkjugarðsins sem opnað hefur verið, sem og í moldinni sem tekin var upp úr áðurnefndri gröf. Mannabein sem finnast með þessum hætti eru úr eldri gröfum sem er raskað þegar nýjar grafir eru teknar í gegnum þær. Lausfundnu beinin eru úr tveimur börnum, annað 8-10 ára gömlu en hinu u.þ.b. 2 ára, samkvæmt greiningu Kristjáns Mímissonar.

3.4 Rúst kapella

Á svæðum C og E var grafin fram rúst lítillar kapellu. Byggingin er um 14 fermetrar á stærð, með bogadregnum kór á norðurhlið (mynd 3). Þrjár litlar stoðarholur fundust meðfram veggjum hennar að vestanverðu (sjá fylgiskjal 7.1.3) en eystri veggur hennar liggur undir ógrafið svæði (H). Stoðarholurnar, sem eru 3-4 cm í þvermál hver, benda til þess að kapellan hafi verið þiljuð að innan en vísbendingar um þil hafa ekki fundist í öðrum vistarverum klaustursins enn sem komið er (mynd 6).

Heytóttin eða mógeymslan, sem skýrt er frá hér að ofan, nær sem fyrr segir að hluta til inn í rúst kapellunnar. Þrátt fyrir það að umfang heytóttarinnar hafi ekki verið mikið, hefur inngangur kapellunnar og hluti af gólfi hennar verið fjarlægður við niðurgröftinn. Í

³ Greiningin var gerð á Þjóðminjasafni Íslands í maí 2004 en þar eru varðveittir gripir og bein frá uppgreftinum.

óskemmdum hluta kapellugólfsins fundust þó þrjár stórar hellur sem túlka má sem vísbendingu um að gólfið hafi verið hellulagt, a.m.k. að hluta til.

4. Úrvinnsla gagna

Úrvinnsla gagna frá rannsókninni á Skriðuklaustri er í fullum gangi. Teikningar hafa verið endurunnar í forritinu Microstation og öll önnur gögn tölvuskráð. Sýni hafa verið send til greininga en niðurstöður liggja þó ekki fyrir, að undanskildum niðurstöðum mannabeinagreininga sem greint er frá í kafla 3.3.



Mynd 6. Þrjár litlar stoðarholur fundust innan veggja kapellunnar. Þær benda til þess að hún hafi verið þiljuð að innan (Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2003).

Unnið er sem stendur að greiningu skordýra, frjókorna og viðartegunda. Auk þessa vinna nú tveir nemar í fornleifafræði við Háskóla Íslands að sérverkefnum um Skriðuklaustur, annað er um bókagerð en hitt er um ræktun jurta í klaustrinu.

4.1 Gripir

Samtals voru 755 gripir skráðir í fundaskrá uppgraftararins sumarið 2003. Í skrána eru færðar inn upplýsingar um alla fundi frá uppgreftinum, þ.m.t. bein og sýni auk gripa. Meðal gripa má helst nefna nokkra vikursteina (mynd 7), bókarpensl (mynd 8), ljósahöld, kertaskreytingar af ýmsu tagi, hengilás, sylgjur, perlur (mynd 9), olíukrús (mynd 10), lykil, nokkra stimpillakksmola, litunarstein, hnífa (mynd 11), liljulauf (mynd 12), og brýni. Varðveisla gripanna er yfirleitt góð, þó sér í lagi þeirra sem eru úr járni.⁴

Sjá má dreifingu nokkurra þeirra gripa, sem hér eru taldir, á teikningu 7.1.4 sem birt er sem fylgiskjal aftast í skýrslunni. Vísað er til áfangaskýrslu 2002 þar sem dreifing þeirra gripa sem fundust þá kemur fram.

Erfitt er að aldursgreina gripina nánar er til miðalda en þeir bera þess vitni að um byggingar heldra fólks hefur verið að ræða. Margir gripanna frá Skriðuklaustri benda einnig ótvírætt til þess að unnið hafi verið við skriftir og jafnvel bókgærð í klaustrinu, enda líkur á því að svo hafi verið samkvæmt upplýsingum fengnum úr rituðum heimildum. Vikursteinarnir, stimpillakksmolarnir og litunarsteinarnir eru þar á meðal. Nokkrir þeirra hnífa sem fundist hafa eru rakhnífar geta einnig hafa verið notaðir við hreinsun skinns vegna bókgærðar.⁵



Mynd 7. Vikursteinn (SK 2003-36-215) úr rústum Skriðuklausturs. Blek smaug betur í bókfellið ef það hafði verið sléttað með vikursteini (Giuseppe Venturini 2003).

Fjallað er um blekgerð og notkun litunarsteina og stimpillakks í áfangaskýrslu Skriðuklaustursrannsóknna 2002⁶ og verður það því ekki gert hér. Vikursteinar fundust fyrst á Skriðuklaustri sumarið 2003 en þá bættist einnig einn litunarsteinn við í gripasafn

⁴ Venturini, Giuseppe. 2004.

⁵ Albína Hulda Pálsdóttir, nemi í fornleifafræði við HÍ, vinnur nú að sérstakri rannsókn um bókgærð í klaustrinu á Skriðu. Niðurstaðna er að vænta haustið 2004.

⁶ Steinunn Kristjánsdóttir. 2003a. Bls. 8-10.

rannsóknarinar, svo og nokkrir stimpillakksmolar. Vikursteinar voru venjulega notaðir til þess að fægja yfirborð bókfellsins áður en skrifað var á það. Þannig varð yfirborð þess sléttara og bleikið smaug betur inn í það.⁷ Vikursteinarnir frá Skriðuklaustri eru tveir (SK 2003-36-185 og SK 2003-36-215) og fundust í gangi klausturrústanna (sjá fylgiskjal 7.1.4). Vikursteinarnir sem fundust á Skriðuklaustri eru með slípaðri hlið og því afar líklegt að þeir hafi verið notaðir við bókfellsvinnu (mynd 7).



Mynd 8. Bókarspensl (SK 2003-36-133) frá Skriðuklaustri (Guiseppe Venturini 2003).

Ýmsar gerðir skreytinga úr járni og bronsi hafa verið grafnar upp á Skriðuklaustri. Í flestum tilfellum er um að ræða brot af kertaskreytingum, bókarspensl (mynd 8) og einnig eitt liljulauf (mynd 12). Liljulaufið (SK 2003-36-472) fannst í útjaðri kirkjugarðsins, við útvegg þess herbergis sem nefnt hefur verið scriptorium (sjá fylgiskjal 7.1.4). Á laufinu er festing og er hvoru tveggja úr járni.

Við fornleifarannsókn sem fram fór á 6. áratug síðustu aldar á kirkjum Skálholtsstaðar fundust nokkur liljulauf, og auk þess mörg ljósahöld, bókarspensl, lyklar, hengilásar, perlur og fleiri gripir sem eru mjög áþekkir þeim og fundist hafa á Skriðuklaustri.⁸ Liljulauf úr blýi fannst einnig á kistuloki við uppgröft á klausturrústunum í Viðey árið 1988.⁹ Slík lauf voru algeng sem skraut á ýmsum kirkjumunum, s.s. ljósahöldum, kertagrindum, sem og koffortum eða líkkistum, út miðaldir og jafnvel lengur.

Við uppgröftinn í Skálholti fundust jafnframt 24 perlur, ýmist úr rafí, gleri eða einhverju öðru óþekktu efni.¹⁰ Í Viðey hafa fjölmargar perlur fundist, flestar úr rafí.¹¹

⁷ Soffía Guðný Guðmundsdóttir og Laufey Guðnadóttir. 2002. Bls. 49-50.

⁸ Kristján Eldjárn. 1988. Bls. 89 o.áfr.

⁹ Margrét Hallgrímsdóttir 1990. Bls. 6.

¹⁰ Kristján Eldjárn. 1988. Bls. 76-77.

¹¹ Margrét Hallgrímsdóttir. 1990. Bls. 66.

Perlur þessar frá Skálholti og Viðey eru taldar tilheyra talnaböndum.¹² Talnabönd líkjast perlufestum í útliti. Þau eru notuð við bænalestur og táknað hver perla eina bæn. Perlurnar eru misstórar. Stærri perlurnar eru fyrir Faðir vor bænina en þær minni fyrir hverja Mariúbæn sem farið er með. Algengast er að perlur á talnaböndum séu 55 talsins, fimm stórar og 50 minni. Stundum eru litlar perlur hafðar til skrauts á milli bænaperlanna.¹³



Mynd 9. Lítil, blá perla (SKR 2003-36-249) fundin í rústum Skriðuklausturs (Sigurður Ingólfsson 2003).

Þrjár perlur, eins og þær sem grafnar voru upp í Skálholti og í Viðey, fundust við uppgröftinn á Skriðuklaustri sumarið 2003. Engin þeirra er þó eins að lögun og gerð. Tvær þeirra eru líklega úr rafi en úr hverju sú þriðja er gerð er ekki vitað. Sú fyrsta sem fannst var blá á lit (SK 2003-36-249), önnur grá (SK 2003-36-350) og sú þriðja svört (SK 2003-36-400). Stærð þeirra er einnig mismunandi, sú minnsta 0,6 cm og sú stærsta tæpir tveir cm í þvermál (sjá fylgiskjal 7.1.4). Líklegt má telja að perlurnar hafi tilheyrt talnabandi, eða talnaböndum. Á mynd 9 má sjá þá minnstu þeirra og hefur hún líklega verið höfð til skrauts á milli talnaperlanna sjálfra. Hún er úr rafi.

Tvö nokkuð stór, samstæð leirkersbrot sem fundust við uppgröftinn sumarið 2003 hafa verið skoðuð sérstaklega með tilliti til aldurs og uppruna (mynd 10). Um er að ræða brot úr olúkönnu, framleiddri í Raren í Belgíu. Kannan er úr steinleir með gulbrúnum glerungi, óskreytt, með tveimur hönkum við háls. Líklega var hún notuð undir spunaolíu, þó margt annað komi til greina. Hinn brúni litur glerungsins sem hylur steinleirinn bendir

¹² Kristján Eldjárn. 1988. Bls. 76-77; Margrét Hallgrímsdóttir. 1990. Bls. 66.

¹³ Dalbäck, Göran. 1982. Bls. 251.

til þess að kannan hafi verið gerð á 16. öld.¹⁴ Þess ber að geta að kannan fannst í kór kapellunnar, n.t.t. á þeim stað þar sem hestshræið var huslað og sagt er frá í kafla 3.2.



Mynd 10. Brot úr olúkönnu (SK 2003-36-745) frá 16. öld (Steinunn Kristjánsdóttir 2003).

Hnífarnir sem fundist hafa á Skriðuklaustri eru annars margskonar að lögun og gerð. Einn þeirra er mjög sérstakur og með útskornu skafti úr beini. Ekki hefur tekist að ráða í útskurðinn og notkun hans er einnig óþekkt. Útskurðurinn sýnir hluta af skepnu með risastórt auga. Giskað hefur verið á að hnífurinn hafi verið notaður við rakstur eða við lyfjagerð en um er að ræða hreinar getgátur (mynd 11). Annar hnífur, trúlega rakhnífur (SK 2003-36-148 í fundaskrá), fannst með beinskafti en enginn útskurður var greinanlegur á því.

Fjórtán hnífar fundust við fyrrnefndan uppgröft á kirkjum Skálholtsstaðar á 6. áratugnum.¹⁵ Hnífar þeir sem fundist hafa í rústum Skriðuklausturs eru nú orðnir tólf að tölu eftir að uppgröftur hófst þar. Algengt er að finna hnífa í fornum bæjarhúsum en yfirleitt er þá um að ræða matarhnífa af einhverju tagi og sé tekið mið af Skálholtsrannsókninni geta þeir einnig hafa verið algengir í kirkjum. Sumir hnífanna sem fundist hafa á Skriðuklaustri eru líklega matarhnífar en þó ekki allir. Nokkrir þeirra eru augljóslega rakhnífar sem hafa annað hvort verið notaðir við rakstur skeggs og hárs eða til raksturs skinns sem nota átti sem bókfell. Rakhnífarnir eru gjarnan oddlausir. Nokkrir hnífanna frá bæði Skálholti og Skriðuklaustri hafa þannig lögun.

¹⁴ Albína Hulda Pálsdóttir. 2003. Bls. 9-10.

¹⁵ Kristján Eldjárn. 1988. Bls. 93-94.

5. Brot úr sögu Skriðuklausturs¹⁶

Skriðuklaustur er yngst íslenskra klaustra úr kaþólskum sið. Fyrst var stofnað klaustur á Íslandi að Þingeyrum, snemma á 12. öld. Síðan voru önnur klaustur stofnuð eitt af öðru fram til loka 13. aldar. Klaustrin voru þá orðin tíu talsins í flestum hlutum landsins, nema á Austurlandi. Það gerist svo ekki fyrr en undir lok 15. aldar að Skriðuklaustur er stofnað.¹⁷

5.1 Stofnun og hlutverk

Klaustur gegndu ýmsum hlutverkum miðaldasamfélagsins, t.d. sem miðstöðvar mennta og menningar, þar sem unnið var við bókagerð, skriftir og kennslu, auk þess sem þau voru griðastaður fyrir heilsulausa og próventufólk sem gaf allt sitt fyrir sáluvist í Guðs ríki. Tekjustofnar klaustranna byggðust fyrst og fremst á ýmsum gerðum próventusamninga en einnig á kennslu og bókagerð.¹⁸

Í próventusamningunum fólust sálugjafir af ýmsu tagi, s.s. jarðir og búpeningur, jafnt sem gjafir án skilmála um sálumessur eða fyrirbætur.¹⁹ Skriðuklaustur eignaðist fjölda jarða og varð auðugt á skömmum tíma svo gera má ráð fyrir að próventan hafi verið helsti tekjustofn þess. Nokkuð víst þykir að kennsla hafi farið fram þar²⁰ og af því getur klaustrið einnig hafa haft tekjur. Auk hafa ýmis merki um bókagerð og skriftir komið í ljós allt frá upphafi rannsóknar á Skriðuklaustri, verk sem líklega hafa sömuleiðis skilað einhverjum tekjum í sjóði klaustursins. Leiddar hafa verið líkur að því að seyðarnir tveir sem fundust sumarið 2002 hafi verið notaðir til þess að búa til blek en ýmis önnur gögn má að einu eða öðru leyti tengja við starfsemi af þessu tagi.²¹ Kennsla og bókagerð getur þó aldrei hafa numið nema litlum hluta heildartekjustofns Skriðuklausturs.

Ágreiningur hefur ætíð staðið um nákvæmt stofnár klaustursins á Skriðu. Skjallegar heimildir staðfesta það að hjónin Hallsteinn Þorsteinsson bóndi á Víðivöllum í Fljótsdal og Cecilia Þorsteinsdóttir kona hans hafi gefið jörðina Skriðu til klausturhalds árið 1493

¹⁶ Kafli þessi var að hluta til birtur í Múlaþingi 31. Sjá Steinunn Kristjánsdóttir 2003b.

¹⁷ Janus Jónsson. 1980. Bls. 182 o. áfr.

¹⁸ Gunnar F. Guðmundsson. 2000. 221-222.

¹⁹ Gunnar F. Guðmundsson. 2000. Bls. 221.

²⁰ Gunnar F. Guðmundsson. 2000. Bls. 223.

²¹ Steinunn Kristjánsdóttir. 2003a. Bls. 11.

og talið er líklegast að klaustrið hafi verið stofnað sama ár. Ári síðar fer klaustrinu að berast gjafir og fyrsti príorinn er vígður til starfa þar árið 1496.²²



Mynd 11. Hnífur (SK 2003-36-292) með útskornu skafti úr beini. Skaftið var brotið en vel mátti greina útskurðinn á brotunum (Giuseppe Venturini 2003).

Skriðuklaustur var príorsklaustur og fylgdi Ágústínusarreglu. Fyrsti príor var Narfi Jónsson en hann er þekktastur þeirra príora sem sátu á Skriðuklaustri fyrir að efla með dáð veg og virðingu Skriðuklausturs.²³ Príorar urðu fjórir talsins í tíð klaustursins en ekki er þekktur fjöldi þeirra munka, sem höfðust við í klaustrinu hverju sinni, en talið er að þeir hafi verið 5-6 að jafnaði. Fleiri höfðust við í klaustrinu en príorarnir og munkarnir.

Ef marka má fjölda gjafa og áheita til klaustursins, þá hefur því fylgt fjöldi próventufólks en það bjó í klaustrinu ásamt príorunum og munkunum. Einnig eru til, sem fyrr getur, skjalfestar heimildir þess efnis að prestsefni hafi setið þar á skólabekk. Próventufólk gátu verið konur jafnt sem karlmenn, börn og fullorðnir. Rétt er þó að benda á að hægt var að gera próventusamninga við klaustrin án þess að í því fælist föst búseta á

²² Heimir Steinsson. 1965. Bls. 17; Helgi Hallgrímsson. 1999. Bls. 34.

²³ Heimir Steinsson 1965. Bls. 97.

staðnum. Í stað þess fengu gefendur próventunnar leg og/eða sungna sálumessu á dánardegi fyrir sig og ættingja sína, svo eitthvað sé nefnt.²⁴

Ekki er vitað hvers vegna ákveðið var svo seint sem við lok 15. aldar að stofna klaustur á Skriðu en ástæðurnar eru m.a. taldar tengjast því að ekkert klaustur var sem fyrr getur starfrækt á Austurlandi. Sá fjöldi gjafa sem bárust klaustrinu strax eftir stofnunina ber ekki aðeins vitni um auðlegð klaustursins heldur bera þær einnig vitni þess að áhugi hafi verið mikill fyrir því að klaustur væri stofnað í landshlutanum, þó seint væri. Gefendur hafa ugglaut með þessum hætti verið að huga að sinni eigin sálarheill og ættingja sinna.

Bent var jafnframt hér á undan á hlutverk klaustra sem miðstöðvar menntunar jafnt sem kirkjulegs auðs og valds í þessu sambandi en eflaust hefur ráðamönnum þótt vanta slíka miðstöð í fjórðunginn.²⁵ Stefán Jónsson sat á stofnunarárum Skriðuklausturs á biskupsstóli í Skálholti en þekkt er að hann hafi látið sér annt um skólahald í biskupsdæmi sínu, og þá sér í lagi menntun presta. Nokkuð víst þykir því að hann hafi beitt sér fyrir því að ráðin yrði bót á möguleikum menntunar á Austurlandi með stofnun Skriðuklausturs. Munnlegar heimildir herma þó að stofnun Skriðuklausturs hafi átt sér aðrar ástæður, jafnvel að kraftaverk eitt hafi átt stærstan þátt í því.²⁶

5.2 Byggingar klaustursins, kirkja og kirkjugarður

Um byggingar klaustursins sjálfs er lítið vitað, fyrir utan það sem fornleifarannsóknir þar hafa leitt í ljós á síðustu tveimur árum, því engin rituð heimild greinir sérstaklega frá þeim. Talið er þó líklegt að klaustrið hafi verið reist skömmu eftir stofnun þess árið 1493. Skriðuklausturskirkja var aftur á móti ekki reist fyrr en tæpum 20 árum eftir stofnun klaustursins, samkvæmt því sem fram kemur í vígslubréfi frá árinu 1512.²⁷

Skriðuklaustur var lagt af í kjölfar siðaskiptanna eftir rúmlega hálfri aldar farsælan rekstur. Klausturkirkjan var ekki lögð af á sama tíma, heldur notuð áfram. Árið 1739 er

²⁴ Gunnar F. Guðmundsson. 2000. Bls. 220.

²⁵ Helgi Hallgrímsson. 1999. Bls. 34.

²⁶ Vel þekkt er helgisögn nokkur sem greinir frá atburði sem á að hafa átt sér stað á 15. öld á Kirkjutúninu, skammt neðan við bæinn á Skriðu. Valþjófsstaðarklerkur átti þá leið út dalinn að þjónusta dauðvona sóknarbarn. Á leiðinni týndi hann kaleik sínum og patínu. Var maður sendur að leita og fannst hvoru tveggja á þúfu neðan við bæinn að Skriðu. Kaleikurinn var fullur af víni, patínan yfir og á henni brauð. Lítið var á þetta sem kraftaverk og stofnað klaustur til minningar um atburðinn á þeim stað er hann gerðist (Helgi Hallgrímsson. 1999. Bls. 35).

²⁷ Heimir Steinsson. 1965. Bls. 17.

hún gerð að útkirkju frá Valbjófsstað en lögð af árið 1792. Rúst hennar er greinileg enn þann dag í dag og var hún friðlýst árið 1988.²⁸ Kirkjan sjálf var endurbyggð nokkrum sinnum áður en hún var afhelguð. Til eru nokkrar úttektir sem lýsa kirkjunni og innanstokksmunum hennar ítarlega en allar þessar úttektir eru, eins og aðrar ritaðar heimildir um Skriðuklaustur, frá því eftir að klausturlífnaður lagðist af á Skriðu, sú elsta frá 1598.²⁹



Mynd 12. Liljulaufið (SK 2003-36-472) sem fannst í kirkjugarðinum á Skriðuklaustri sumarið 2003 (Giuseppe Venturini 2003).

Rúst klausturkirkjunnar er sem fyrr segir greinileg syðst á rannsóknarsvæðinu. Ferningslaga kirkjugarðsveggur, sem umlykur rústina, er talsvert yngri en klausturrústirnar sjálfar samkvæmt niðurstöðum frá uppgrefti sumarið 2002. Þá kom í ljós að kirkjugarðsveggurinn er hlaðinn eftir að gos varð í Veiðivötnum árið 1717 en hann liggur að hluta til yfir byggingar klaustursins³⁰ sem nú eru byrjaðar að fá á sig mynd. Sá hluti klausturbyggingarinnar sem grafinn hefur verið fram undanfarin tvö sumur samanstendur af fjórum afmörkuðum vistarverum eða rýmum. Innangengt er í þau öll frá gangi sem nær frá nyrðri jaðri rústanna og langleiðina að klausturkirkjurústinni. Svo virðist sem rústir kirkjunnar og klaustursins séu samtengdar við þann útvegg byggingarinnar sem veit í vestur.

Milli klausturbyggingarinnar og kirkjunnar má greina ellefu grafir. Ein þeirra hefur verið opnuð og sem fyrr segir voru í henni vel varðveittar líkamsleifar 12 ára gamals einstaklings. Önnur mannabein frá svæðinu eru lausfundin og eru þau af einnig börnum, tveggja og átta ára gömlum. Tvö þeirra, n.t.t. þau yngri, hafa greinilega verið jörðuð

²⁸ Fornleifaskrá. 1990. Bls. 56.

²⁹ Helgi Hallgrímsson. 1999. Bls. 34.

³⁰ Steinunn Kristjánsdóttir. 2003a. Bls. 17-18.

löngu áður en gröfin, sem opnuð hefur verið, var tekin því flest lausfundnu beinin komu upp úr fyllingu grafarinnar. Það bendir til að staðsetning þeirra hafi verið gleymd þegar ný gröf var tekin.

Aldur sjálfrar grafarinnar sem opnuð var er ekki ljós en hún getur þó allt eins verið frá klausturtímanum eins og þeim tíma sem grafið var við klausturkirkjuna eftir að munklífi lagðist af á Skriðuklaustri. Stelling beinagrindarinnar bendir til þess að hún sé frá klausturtímanum frekar en síðar, því handleggir líksins höfðu verið lagðir yfir maga og brjóst eins og tíðkaðist á síðmiðöldum.³¹

Spurningin er þó hversu algengt það var að fólk keypti sér leg fyrir sig eða ung börn sín í klausturkirkjugörðum. Einnig er talið að í klausturkirkjugörðum hafi heimamenn getað átt leg, rétt eins og þeir sem höfðust við í klaustrinu sjálfu eða höfðu gert við það próventusamning af einhverju tagi. Svo tíðkaðist það eftir siðaskiptin að menn tækju klausturumboðið að léni. Voru þeir kallaðir klausturhaldarar og bjuggu þeir oft á klausturstöðnum en því reikna má fastlega með að fjölskyldumeðlimir þeirra hafi verið jarðaðir í klausturkirkjugarðinum.

5.3 Kapella

Kapellan sem fannst sumarið 2003 verður að teljast merkust uppgötvana frá uppgreftrinum á Skriðuklaustri. Fræðimenn þeir sem skoðað hafa munklífi á Skriðu hafa löngum velt því fyrir sér hvar bænahald og tíðagjörðir munkanna í Skriðuklaustri hafi farið fram, því samkvæmt rituðum heimildum var klausturkirkjan sjálf ekki vígð fyrr en árið 1512, tæpum tveimur áratugum eftir að klaustrið var stofnað.

Kirkja er órjúfanlegur hluti allra klaustra. Reglubræður á Skriðu þurftu að hafa beinan og daglegan aðgang að kirkju fyrir messur jafnt sem tíðasöng³² og getur kirkjan því vart hafa staðið langt fjarri öðrum klausturhúsum. Ýmsar tilgátur hafa verið settar fram til skýringar á því hvers vegna kirkja Skriðuklausturs er vígð svo seint, löngu eftir stofnun klaustursins, sem ritaðar heimildir skýra frá. Giskað hefur verið á að það hafi hreinlega gleymst að skrá vígslu kirkjunnar fyrr en árið 1512, að kirkjan hafi verið endurreist og

³¹ Dalbäck, Göran 1982. Bls. 119. Steinunn Kristjánsdóttir 1995. Bls. 32.

³² Gunnar F. Guðmundsson. 2000. Bls. 232, 236.

endurvígð árið 1512, að heimakirkjan á Skriðu hafi verið notuð sem klausturkirkja fram að vígslunni, eða að á staðnum hafi staðið kapella allt frá stofnun klaustursins.³³

Sr. Heimi Steinssyni þykir ólíklegt að Stefán biskup Jónsson hafi gleymt að færa vígsluna til bókar í svo langan tíma og sér enga líklega ástæðu fyrir slíkri frestun. Vísglubrésið er ótvírætt ritað þann 12. september 1512 en Heimir telur líklegt að biskup hefði getið þess sérstaklega ef vígsluárið væri annað.³⁴ Ekki telur hann heldur líklegt að kirkjan hafi verið endurvígð við hugsanlega endursmið árið 1512, því fyrir því finnst engin hefð. Heimakirkjan á Skriðu var lítil og byggð af miklum vanefnum ef marka má lýsingar á henni, svo fræðimenn virðast sammála um að hún hafi vart getað þjónað sem klausturkirkja samhliða því að þjóna heimilismönnum á bænum.³⁵

Tilgátan um kapelluna hefur nú verð staðfest með fundi rústar hennar meðal annarra rústa klaustursins á Skriðu. Sr. Heimi þótti hún einnig líklegust en hafði engar haldbærar heimildir um að svo væri. Í úttekt á klausturkirkjunni á Skriðu frá 1641 telur hann sig þó hafa fundið vísbendingu um að bænhús eða lítil kapella hafi verið hluti af byggingunum. Vísbendinguna tengir hann við lýsingu frá 1641 á munum kirkjunnar en þar er talin lítil klukka í „bænhúsinu“.

...lesandinn hnýtur um þær upplýsingar vísitasíunnar í miðri lýsingu kirkjunnar, að eina litla klukku sé að finna í „bænhúsinu“. Hvaða bænhús er þetta? Hugsanlega er hér vikið að heimakirkjunni gömlu, sem hvergi getur í margnefndri vísitasíu Brynjólfs. Ekki er alls útilokað að „bænhúsið“ sé að finna í kirkjunni sjálfri, að þar hafi verið innréttuð lítil kapella til einveru og næðis...³⁶

Bent skal á í þessu samhengi að í flestum sambærilegum miðaldaklaustrum annarra landa Evrópu var kapella, ein eða fleiri, auk kirkju. Kapellurnar voru eingöngu ætlaðar munkunum eða nunnunum, eftir því sem við átti, en klausturkirkjuna máttu allir þeir nota sem höfðust við í klaustrinu, þ.e. próventufólk, namar, pílgrímar, auk heimamanna ef þess var óskað.

³³ Heimir Steinsson. 1965. Bls. 31-35.

³⁴ Heimir Steinsson. 1965. Bls. 32.


³⁵ Heimir Steinsson. 1965. Bls. 33-34.

³⁶ Heimir Steinsson. 1965. Bls. 52.

6. Samantekt niðurstaðna 2002 og 2003

Klaustrið, sem stofnað var á bænum Skriðu í Fljótsdal undir lok 15. aldar, var valinn staður undir hjalla nokkrum um 150 metrum neðan við bæjarstæðið sjálft. Reistar voru veglegar byggingar á staðnum sem líklega hýstu þrjóra, munka, próventufólk jafnt sem prestsefni sem sátu þar á skólabeck. Fornleifarannsóknin á Skriðuklaustri bendir ótvírætt til þess að byggingar klaustursins á Skriðu hafi borið svipmót annarra evrópskra klausturbygginga frá miðöldum. Byggingar þess eru greinilega aðskildar frá veraldlegum umsvifum á Skriðubænum, byggðar í einn hnapp, með kapellu, kirkju og líklega klausturgarði, auk lítilla herbergja umhverfis hann.

Við uppgröft á byggingum klaustursins hafa komið í ljós þrjár afmarkaðar vistarverur og gangur sem tengir þær saman, auk kapellu og kirkjugarðs. Fundur kapellunnar er þó ótvírætt það sem hefur hvað mest komið á óvart við rannsóknina hingað til. Ekki var vitað til þess að kapella hefði verið hluti af klausturbyggingunum vegna klausturkirkjunnar sem þar stóð. Komið hefur á óvart hversu vel hefur verið vandað til bygginganna, veggir eru þykkir og undirstöður traustar. Svo virðist einnig sem byggingarnar hafi staðið á tveimur hæðum eða að undir þeim hafi verið kjallari. Klaustrið var annars reist úr torfi og grjóti. Kapellan var einnig þiljuð að innan og með hellulögðu gólfi.



Mynd 13. Skriðuklaustur. Þversnið frá kapellu til kirkjugarðs (Stefano Paci 2003).

Kapellan var grafin var fram í nyrðri útjaðri rústanna en gangur liggur frá henni að rúst klausturkirkjunnar sem liggur syðst á rannsóknarsvæðinu. Beggja vegna gangsins eru rýmin eða herbergin, fjögur að tölu, og annar gangur sem liggur undir enn ógrafið svæði.

Í einu herbergjanna er ofn en þar hafa einnig fundist nokkur ummerki eftir skriftir og jafnvel bókagerð. Í öðru herbergi fundust tveir seyðar sem hugsanlega hafa verið notaðir til blekgerðar. Þriðja rýmið er kapella en hlutverk þess fjórða er ekki þekkt. Á miðju heildarrannsóknarsvæðinu hefur komið í ljós opið rými sem hugsanlega er klausturgarðurinn. Í honum má greina ellefu grafir og hefur ein þeirra opnuð. Í henni var kista og bein 12 ára gamals barns.

Ljóst er að mikið rannsóknarefni liggur enn falið í Kirkjutúninu á Skriðu en aðeins hefur verið lokið við uppgröft á 1/3 hluta þess svæðis sem klausturbyggingarnar ná yfir. Þær upplýsingar sem þegar hafa verið dregnar fram í dagsljósið lofa góðu um framhaldið. Sem stendur er einnig unnið að margvíslegum greiningum, m.a. á viðartegundum, skordýrum, bókagerð og ræktun jurta, auk þess sem unnið er að því að móta heildstæða mynd af byggingum Skriðuklausturs og þeirri starfsemi sem þar fór fram meðan á klausturtímanum stóð.

7. Fylgiskjöl


